


Alþingi
Erindi nr. þ 149/649
komudagur 30.11.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. nóvember 2011

Efni Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (iðgjald launagreiðanda), 239. mál.

Fjarlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp, sbr. þingskjal 245. Í frumvarpinu er gerð tillaga um að stjórn Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna þurfi ekki að framfylgja kröfu 13. gr. laganna um að hækka iðgjald launagreiðenda þegar tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð. Tillagan fellir sjóðinn undir almennt ákvæði 39. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Sú grein kveður á um að ekki þurfi að grípa til aðgerða til að lagfæra neikvæða tryggingafræðilega stöðu sé hún innan við 10%, og bráðabirgðaákvæði IV með lögnum heimilar 15% neikvæða tryggingafræðilega stöðu á árinu 2010.

Fram kemur í athugasemdum að breytingartillagan sé gerð vegna þess að Fjármálaeftirlitið krefjist þess að stjórn LSR hækki iðgjald launagreiðenda á grundvelli 13. gr. laganna.

Í árslok 2010 var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um 47,4 milljarða króna, sem nam 12,0% af heildarskuldbindingum. Iðgjöld og ávöxtun þeirra duga ekki fyrir þeirri ávinnslu réttinda sem löggin kveða á um. Vandí sjóðsins er því mikill og fer vaxandi í ljósi lækkandi raunvaxta og takmarkaðra fjárfestingarkosta hér á landi.

Verði frumvarpið að lögum er því frestað um sinn að taka á vanda lífeyrissjóðsins. Löggin kveða hins vegar ótvírætt á um að það skuli gert með hækkun mótframlags ríkissjóðs og kemur fram í athugasemdum að það þurfi að hækka um 4%. Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að ríkissjóður fái vart risið undir hækkun framlags launagreiðenda vegna mikilla þrenginga í ríkisfjármálunum.

Hækkun mótframlags ríkisins hefði óhjákvæmilega mikil áhrif á almennum vinnumarkaði. Stjórnvöld og aðilar á almennum vinnumarkaði stefna að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar annars vegar og yfirlýsingu SA og ASÍ um lífeyrismál hins vegar hinn 5. maí 2011. Ljóst er að hækkun mótframlags ríkissjóðs úr 11,5% í 15,5% myndi auka muninn á mótframlagi m.v. launagreiðendur á almennum vinnumarkaði úr 3,5% í 7,5% og setja mark sitt á kjarasamninga næsta áratuginn.

Samtök atvinnulífsins gera ekki athugasemd við þá frestun á vanda sem felst í frumvarpinu en lýsa áhyggjum af stöðu lífeyrissjóðsins og ekki síður af því hvernig hann verði leystur.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson